

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Borgarbraut 4, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 11. nóvember 2021 tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Borgarbraut 4. Gildandi deiliskipulag er frá ágúst 2008. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi hefur tekið gildi. Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að vera með gistingu fyrir allt að 40 gesti og fasta búsetu fyrir eigendur/starfsfólk. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 7. desember 2021.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2021